

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 3 250 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

18. apríl 1978.

Nr. 163.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimta 50% innflutningsgjald af öllum bifreiðum og bifhjólum með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reiknað af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskránum skulu undanþegin innflutningsgjaldi:

- | | |
|-------------|---|
| 87.01.20 | Dráttarbifreiðar, með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna. |
| 87.02.12 | Snjóbifreiðar. |
| 87.02.29 | Almenningsbifreiðar. |
| 87.02.31—32 | Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir. |
| 87.02.35 | Flutningstæki fyrir grjót o. þ. h. |
| 87.02.37—38 | Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir. |
| 87.02.43 | Sjúkrabifreiðar. |
| 87.03.01 | Slökkviliðsbifreiðar. |
| 87.03.02 | Snjóplógar. |
| 87.03.03 | Kranabifreiðar. |
| 87.03.09 | Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar. |
| 87.09.01 | Bifhjól með sprengirými til og með 50 cm ³ . |

3. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eða lækka innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollviltana. Um niðurfellingu eða lækku gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 4. og 5. málsl. 1. mgr. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Við tollafgreiðslu bifreiða til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og öku-kennara, sem hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiða eða kennslubifreiða, skal einungis innheimta 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila sem hafa slíkan akstur að aukastarfi skal við tollafgreiðslu einungis innheimta 38% innflutningsgjald. Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga eftir því sem við á.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 431/1976 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun 15.05% fjár gengingsmunarsjóðs 1978 (áætlað 350 millj.kr.),
til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, sbr. b-lið
3. gr. laga nr. 2/1978.

1. gr.

Fé þessu skal einungis varið til lánveitinga og skal vera í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sem annast lánveitingar og innheimtu.

2. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs tekur ákvarðanir um öll útlán, en þeim skal varið til hagræðinga í fiskiðnaði t. d. vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásam, fjármunalegrar endurskipulagningar og hverra annarra framkvæmda sem horfa til hagræðingar í fiskiðnaði, að mati sjóðstjórnar.

3. gr.

Lánin skulu vera til 7 ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Vextir af lánum þessum skulu vera breytilegir og ákvarðast hverju sinni af stjórn Fiskveiðasjóðs, en eru ákveðnir 14% á árinu 1978.

Gjald dagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextirnir eftirá.

4. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda innan við 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati þess. Nægi ekki umrædd veð er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau veð önnur eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

5. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar hafa verið samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.